

til gripasýningar í Eyjafjarðarsýslu . . . . .	300 kr.	136
— — — í Skagafjarðarsýslu . . . . .	300 —	
— Sigurbjargar Friðriksdóttur á Akureyri (sbr. brjef landshöfðingja, 29. janúar 1879) . . . . .	200 —	
— Páls Eyjólfssonar úr Múlasýslu . . . . .	250 —	
— Páls Jóakimssonar úr Þingeyjarsýslu . . . . .	238 —	
— Gunnars Ólafssonar úr Skagafjarðarsýslu . . . . .	356 —	
— Magnúsar Þórarinssonar úr Þingeyjarsýslu . . . . .	356 —	
	Samtals 2000 kr.	

8. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 24. febr. 1880, þar sem þess er farið á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að kvennaskólanum í Skagafirði verði veittur úr amtssjóði allt að því 200 kr. styrkur. Amtsráðið ályktaði, að veita skólanum þær 100 kr., sem óveittar eru af fje því, sem í þessa árs áætlun eru lagðar til menntunarmála.
9. Forseti lagði fram brjef Sveins Sveinssonar búfræðings, 15. jan. 1880, þar sem hann sækir um að fá 30 kr. veittar fyrir hestlán og verkferaf lutning á ferðum sínum um Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur sumarið 1879. Amtsráðið ályktaði, að veita þessa upphæð af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

*Christjánsson. Einar Ásmundsson. Davíð Guðmundsson.*

Ár. 1880, 2. dag ágústm. var fundur amtráðsins í norður- og austuramtinu settur af forseta ráðsins, amtmanni Christjánssyni með amtráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni. 137

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Var endurskoðaður reikningur jafnaðarsjóðs amtsins fyrir árið 1879, er áður hafði verið send hinum kosnu amtráðsmönnum til skoðunar; höfðu engar athugasemdir verið gjörðar við reikninginn, og var hann nú samþykktur.
- Þvínæst var rannsakaður reikningur um búnaðarskólagjald í amtinu 1879, og fannst það athugavert við hann, að búnaðarskólagjaldið úr Þingeyjarsýslu er tekið oflítið um 11 kr. 94 aur. og úr Norðurmúlassýslu um 1 kr. 17 aura. Að því leyti, er búnaðarskólagjaldið úr Þingeyjarsýslu snertir, hefir sýslumaðurinn þar sagzt hafa ofgildið það árin 1875—1878 um 2 kr. 27 aura á ári, þar sem hann hefði eigi fengið gjald þetta greitt af brennisteinsnámunum, er útlendir menn hafa til leigu, og hefir hann dregið þessa upphæð frá fyrir 4 árin, eður 9 kr. 8 aur. frá gjaldinu fyrir árið 1879, og svo fyrir hið sama ár einnig 2 kr. 86 aur., en það er af enn þá fleiri fasteignarhundruðum, en námarnir eru metnir. Eptir leigusamningi 13. apríl 1872, sem prentaður er í tíðindum um stjórnamálefni Íslands, III. bls. 459, er leigöndum námanna skýlaust gjört að skyldu, að svara öllum þeim sköttum og skyldum, er almenn landslög ákveða, að leiguliðar svari, og verða þessir menn því engan veginn undan skildir greiðslu búnaðarskólagjaldsins. Í Norður-Múlasýslu hafði sýslumaðurinn dregið frá búnaðarskólagjald af jörðunum Sænautaseli, Veturhúsum, Brú og Brattagerði af þeirri ástæðu, að þær væru í eyði, eður að eigi væri búið á þeim, þótt jarðir þessar á annan hátt meir eða minna mundi vera notaðar eins og flestar aðrar eyðijarðir í amtinu, sem búnaðarskólagjald er greitt af, og virðist því

137

engin ástæða til, að undanþiggja þessar fremur en aðrar, enda þyrfti lagaboð til að breyta tilsk. 12. febr. 1872, 3. gr., er undantekningarlaust leggur gjaldið á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók. Amtsráðið mælti því svo fyrir, að búnaðarsjóðsgjald það, sem vantar fyrir 1879 úr Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu yrði greitt hið skjótasta.

3. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 18. febr. 1880, þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar fór þess á leit, að amtsráðið samþykkti, að sýslunefndarmenn mættu eptirleiðis fá endurgoldinn úr sýslusjóði ferðakostnað á sýslunefndarfundum, auk þeirra tveggja króna, sem þeir hefðu í dagpeninga. Amtsráðið gat með engu móti samþykkt þetta, með því sveitarstjórnarlögin 4. maí 1872, 33. gr. ákvæðu með skýrum orðum, að sýslunefndarmenn fengi hvorki meira nje minna en þessar 2 kr., um daginn «í þóknunarskyni fyrir fœðispeninga og í f e r ð a k o s t n a ð». Til þess að breyta þessari ákvörðun þyrftu ný lög. En með því amtsráðinu var kunnugt, að sýslunefndarmenn Eyfirðinga hlytu að kosta talsvert meira til en tveim krónum um daginn, er þeir sitja á nefndarfundum á Akureyri, þá mundi amtsráðið fyrir sitt leyti ekki geta fundið neitt að því, þó nokkur aukapóknun yrði með samþykki sýslunefndarinnar ákveðin af sýslusjóði til nefndarmanna fyrir eitt-hvað annað en fœði og ferðakostnað, t. a. m. húsnæði eður því um líkt.
4. Samkvæmt 4. gr. í lögum 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafljóti ályktaði amtsráðið að fela skoðunargjörðina á brúarstöðinu og á öðru því, er heyrði til fullkominnar skoðunar undir brúargjörðina, á hendur amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni, svo og að fá með honum timburmeistara og steinhöggvara, en í því tilliti áleit ráðið bezta þá kaupstjóra Tryggva Gunnarsson, ef hann væri fánlegur, eður þá Jón timburmeistara Stefánsson á Akureyri, og steinhöggvara Hafliða í Siglufríði.

Forseti lagði fram þessu máli viðvíkjandi brjef 26. júní og 1. júní (júlí) 1880 frá sýslumanni B. Sveinssyni, er mæla fram með steinhöggvara Sveini Brynjólfssyni. Var samþykkt að tilkynna sýslumanninum, að amtsráðið hefði tekið aðra ákvörðun.

5. Amtsráðið veitti samþykki sitt til, að sýslunefnd Húnavatnssýslu mætti taka 4000 kr. lán til vegagjörðar á Hrutafjarðarhálsi og Miðfjarðarhálsi.
6. Landshöfðinginn hafði í brjefi 25. maí 1880 óskað álits amtsráðsins um tvö bónarbrjef send frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu. Var annað bónarbrjefið frá búnaðarfelagi Svínavatnshrepps, dagsett 24. marz 1880, er biður um 100 kr. styrk af fje því, sem veitt er í fjárlögum 9. gr. C. 4. Áleit amtsráðið, að búnaðarfelag þetta sem sýnt hefir mjög mikinn dagnað, ætti að fá hinn umbeðna 100 kr. styrk af þeim hluta áður nefnds fjár, sem ætlaður er búnaðarfelögum og búnaðarsjóðum. Hitt bónarbrjefið, dagsett 14. apríl 1880 var frá sýslunefnd Húnavatnssýslu, og var þar sótt um allt að 300 kr. styrk úr landssjóði til að launa hálfum öðrum búfrœðingi. En þar sem nefndin sjálf í þessu skyni eigi hafði veitt meira en 200 kr., lagði amtsráðið það til, að veitt yrði jafnmikið, eður 200 kr., af fje því, sem ætlað væri til eflingar búnaði, því amtsráðið vildi eigi víkja frá þeirri reglu, að fjárframlag hlutaðeiganda væri að minnsta kosti jafnmikið sem tillag landssjóðsins þegar um jarðabætur væri að ræða.
7. Forseti lagði fram bónarbrjef frá Gunnari Ólafssyni í Ási, 21. júní 1880, og fylgdi því eptirrit af vitnisburði beiðanda frá vefara R. J. Frideriksen í Ærey í Danmörk og meðmæling sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu. Þar sem amtsráðið hafði á fundi

sínum 27. maí 1880 (5. tölulið, b), sagt álit sitt um beiðnina sjálfa, áleit það nú eigi annað þurfa, en senda vitnisburðinn og meðmælinguna til landshöfðingja.

137

8. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett 29. júní 1880; óskaði landshöfðingi þar álits amtsráðsins um meðfylgjandi brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu og nokkrum öðrum merkjum mönnum þar þess efnis, að veittur yrði 200 kr. styrkur úr landssjóði Lindal nokkrum Jónatanssyni frá Kanada til þess að kynna sjer á Skotlandi og Englandi verkun og aðskilnað á ull. Amtsráðið varð að ráða frá því, að veita styrk til þessa, þar sem það eigi gat sjeð, að slíkt fyrirtæki gæti komið að tilætluðum notum, því fyrst væri það, að tóskaparmenn sem flestir aðrir iðnaðarmenn hjeldu aðferð sinni svo leyndri, að örðugt væri og enda ómögulegt fyrir óþekktan mann að fá að þekkja hana, og svo væri þess að gæta, að þótt Islendingar þekktu aðskilnað og meðferð á ull í verksmiðjum, þá mundu þeir ekkert gagn hafa af því, til þess að gjöra ull sína útgengilegri sem verzlunarvöru, sem þó væri aðaltilgangur beiðanda.
9. Forseti lagði fram brjef, 10. júlí 1880, frá hjeraðslækni F. Zeuthen, er beiddist styrks handa stjúpdóttur sinni Alexöndru Vilhelminu Zeuthen til þess að læra smjör og ostgjörð erlendis. Amtsráðið gat eigi lagt til, að þetta yrði veitt.
19. Forseti lagði fram brjef, dagsett 22. marz 1881, frá oddvita sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, er fer þess á leit, að amtsráðið veiti meðmæli sín með því, að Jónas Guðmundsson fengi þóknun fyrir brunnagröpt af fje því, sem veitt er í 15. gr. fjárlaganna til vísindalegra og verklegra fyrirtækja. Amtsráðið gat ekki veitt hin umbeðnu meðmæli sín, með því fjárveiting þessi í fjárlögunum væri sjálfsagt bundin við þau vísindalegu og verklegu fyrirtæki, er framkvæmd væru á fjárhags-tímabilinu, en eigi sem verðlaun fyrir þau fyrirtæki, sem áður væru unnin.
- Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 21. dag janúarm. var fundur amtsráðsins í norður- og austurum-döminu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni Christjánssyni, með amtsráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

138

Á fundinum voru tekin til meðferðar og nmræðu þau mál, sem hjer eru talin:

## 1. Var samin

## Áætlan

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í norður- og austuramtinu árið 1881.

	Tekjur.	Kr. A.
1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:		
Í óloknum jafnaðarsjóðsgjöldum . . . . .	49 kr. 0 a.	
Peningar í sjóði . . . . .	1270 — 74 -	1319 74
2. Niðurjöfnun á lausafjórðruðin í umdöminu (c. 26,560) 14 a. á hvert		3718 40
	Samtals	5038 14
	Gjöld.	Kr. A.
1. Til kostnaðar við amtsráðið . . . . .		150 0
2. — sáttamála . . . . .		10 0
3. — heilbrigðismála . . . . .		150 0
4. — menntunarmála (kvennaskóla og amtsbókasafnsins) . . . . .		700 0
		Flyt 1010 0